

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015,
íbúðarsvæði á Hvaleyrarholti.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að hluti iðnaðarsvæðis (olíubirgðastöð) milli Hvaleyrarbrautar, iðnaðarlóða við Brekkutröð og íbúðarlóða við Hólabraut, Vallarbraut og Suðurbraut breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 12. september 2005.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.